

SAMKOMULAG
um þóknun fyrir rekstur málsins S-1/2011 fyrir óbyggðanefnd

Undirritaðir, Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér á eftir nefndur bærinn og Guðmundur Benediktsson hrl., kt. 090253-2989, hér á eftir nefndur Guðmundur, gera með sér eftirfarandi

samkomulag um þóknun fyrir rekstur málsins S-1/2011 fyrir óbyggðanefnd

1.gr.

Í samkomulagi aðila um starfslok Guðmundar hjá bænum dags 7. júlí 2010, 6. gr., en hann gegndi stöðu bæjarlögmanns, var um það samið að bærinn myndi fela Guðmundi málarekstur varðandi land um 3761 ha að flatarmáli sem var utan staðarmarka sveitarfélaga þegar það færi fyrir óbyggðanefnd og eftir atvikum fyrir dómstóla. Málið hófst fyrir óbyggðanefnd í nóvember 2010 og hlaut númerið S-1/2011. Óbyggðanefnd kvað upp úrskurð 20. júní 2014. Málið fór ekki fyrir dómstóla. Í samkomulaginu um starfslokin sagði að aðilar myndi semja um greiðslur fyrir þann málarekstur. Það var ekki gert og varð ágreiningur milli aðila um greiðslu. Aðilar urðu sammála um að dómkvaddur yrði matsmaður til að meti hvert væri hæfilegt endurgjald fyrir málareksturinn og skilaði hann matsgerð 21. júlí 2016.

2.gr.

Aðilar gera samkomulag um að þóknun til Guðmundar fyrir málareksturinn skuli vera kr. 16.505.647 – sextánmilljónirfimmhundruðogfimmþúsundsexhundruðfjörtíuogsjökrónur 00/100- auk virðisaukaskatts og er það fullnaðargreiðsla fyrir málareksturinn. Bærinn hefur þegar greitt til Guðmundar kr. 1.000.000 auk virðisaukaskatts og gerir Guðmundur nú reikning til bæjarins að fjárhæð kr. 15.505.647 auk virðisaukaskatts.

3.gr.

Bærinn greiðir hlutdeild í þóknun lögmanns Guðmundar alls kr. 495.169 auk virðisaukaskatts og gerir lögmaðurinn reikning á bæinn vegna hennar.

4.gr.

Með gerð samkomulags þessa er um fullnaðaruppgjör að ræða vegna þóknunar fyrir málarekstur máls nr. S-1/2011 fyrir óbyggðanefnd. Hvorugur aðili á frekari kröfur á hendur hvor öðrum vegna málsins og er því að fullu lokið með gerð samkomulags þessa.

Til staðfestu á samkomulagi þessu undirrita aðilar samkomulagið í viðurvist vitundarvotts.

Hafnarfirði, _____ 2016

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri

Guðmundur Benediktsson hrl.

Vitundarvottur að rétttri dags og undirritun:
